



Ferðapjónustan í lykilhlutverki efnahagsbatans

Eftir verulegan samdrátt árin 2009 og 2010 mældist hagvöxtur í fyrsta skiptið eftir hrun árið 2011 þegar hagkerfið óx um 2,4% að raunvirði. Það ár fjölgaði erlendum ferðamönnum hér á landi einnig eftir fækkun bæði árin 2009 og 2010. Milli árána 2011 og 2014 hefur mælst töluverður vöxtur í komum ferðamanna hingað til lands en á sama tíma hefur mælst jákvæður hagvöxtur. Þetta er meðal efnis í nýrri skýrslu Hagfræðideildar Landsbankans um [ferðapjónustu á Íslandi](#).


Um fjórðung má skýra beint með vexti ferðapjónustu

Út frá þáttatekjum mismunandi atvinnugreina í framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar má áætla hlutdeild þeirra í efnahagsbatanum 2010 til 2014. Um fjórðung efnahagsbatans má skýra beint með aukningu í atvinnugreinunum sem teljast til ferðapjónustu, en í þeim eru meðal annars flutningar með flugi og rekstur gistiheimila, veitingastaða og ferðaskrifstofa. Að einhverju leyti er þetta vanmat á hlutdeildinni því hluti uppgangs í öðrum atvinnugreinum endurspeglar aukinn fjölda ferðamanna. Til dæmis má ætla að hluti aukningarinnar í byggingarstarfsemi milli 2010 og 2014 sé vegna hótélbygginga og að hluti aukningarinnar í verslun sé vegna erlendra ferðamanna.

40% nýrra starfa verða til í ferðapjónustu

Stór hluti nýrra starfa eru störf í ferðapjónustu. Uppgangurinn í ferðapjónustu hefur átt stóran þátt í að atvinnuleysið hefur lækkað mun hraðar en spár gerðu ráð fyrir í upphafi samdráttarins. Alls er fjöldi starfandi, samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, um 10.300 fleiri árið 2014 en 2010. Þar af eru 4.000 fleiri starfandi í ferðapjónustu. Á sama tíma hefur fjöldi starfandi í fjármála- og váttryggingarstarfsemi fækkað um 1.100.


Hagvöxtur og vöxtur ferðamanna



Vöxtur í fjölda erlendra ferðamanna

Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands

Áætlað framlag atvinnugreina til efnahagsbatans



Framlag tímabilið 2010-2014. Áætlað framlag út frá þáttatekjum í framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar.

Heimild: Hagstofa Íslands



Vöxtur ferðaþjónustunnar styrkir gengi krónunnar og bætir lífskjör

Útflutningsverðmæti ferðaþjónustunnar nam 163 ma.kr. árið 2010. Árið þar á eftir hófst núverandi vaxtarskeið í komum ferðamanna hingað til lands. Á því ári nam útflutningsverðmætið 196 ma.kr. og því 33 ma.kr. meiri en árið 2010. Sé útflutningsverðmæti hvers árs á árabílinu 2011-2014 borið saman við útflutningsverðmætið 2010 sést að uppsafnaðar viðbótarútflutningstekjur ferðaþjónustunnar á þessu tímabili nema 365 ma.kr.

Í byrjun árs 2010 kostaði ein evra rétt undir 180 krónum en í lok árs 2014 kostaði hún 155 krónur þrátt fyrir að hrein gjaldeyriskaup Seðlabanka Íslands hafi numið 220 ma.kr. á tímabilinu, ásamt því að íslensk fyrirtæki greiddu verulega niður erlendar skuldir. Telja verður ólíklegt að þessi styrking hefði átt sér stað og Seðlabankinn getað keypt þennan gjaldeyri ef ekki hefði komið til aukið gjaldeyrisinnstreymi vegna uppgangs ferðaþjónustunnar.


Þessi styrking hefur haldið aftur af verðlagi og á stóran þátt í að verðbólgan hefur mælst undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans síðustu mánuði, en framlag innfluttra vara í verðbólgunni mælist nú neikvætt.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Fjölgun starfa eftir atvinnugreinum



Tímabilið 2010-2014
Heimild: Hagstofa Íslands

Nettókaup Seðlabankans á gjaldeyri og vöxtur ferðaþjónustu



Viðbótargjaldeyrir sýnir það viðbótarútflutningsverðmæti sem ferðaþjónustan skilaði viðkomandi ár umfram árið 2010

Heimild: Seðlabanki Íslands